



Borgarráð

Hyrjarhöfði 1 - Tímabundinn lóðarleigusamningur

Óskað er eftir því borgarráð heimili að gefinn verði út tímabundinn lóðarleigusamningur fyrir lóðina Hyrjarhöfða 1 með vísan til samþykktar borgarráðs frá 18. nóvember sl. um að heimila tímabundna endurnýjun eldri lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða.

Greinargerð: Á fundi borgarráðs þann 18. nóvember sl. var samþykkt tillaga um að gefnar verði út tímabundar yfirlýsingar um framlengingu gildistíma vegna núverandi lóðarleigusamninga á Ártúnshöfða, sem eru runnir út. Yfirlýsingunum er ætlað að gilda fram að gildistöku nýs deiliskipulags, en þó eigi lengur en til 1. október 2021.

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hefur borist beiðni um útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hyrjarhöfða 1. Lóð þessi er á sama svæði og ofangreind samþykkt borgarráðs tekur til en lóðarleigusamningur hefur ekki verið gefinn út. Úthlutun lóðarinnar var samþykkt á fundi borgarráðs 1. nóvember 1966 og hefur lóðarleiga verið innheimt vegna hennar. Þar sem ofangreind samþykkt borgarráðs frá 18. nóvember sl. tekur skv. orðanna hljóðan einungis til lóða með útrunna lóðarleigusamninga, þá nær hún ekki yfir þau tilvik þar sem aldrei hefur verið gefinn út lóðarleigusamningur, líkt og á við varðandi Hyrjarhöfða 1.

Með vísan til ofangreinds og með vísan til samþykktar borgarráðs frá 18. nóvember sl., er þess óskað að farið verði með lóðina Hyrjarhöfða 1 á sama hátt og lóðir á Ártúnshöfða sem eru með útrunna lóðarleigusamninga, og heimilað verði að gefa út tímabundinn lóðarleigusamning fyrir lóðina fram að gildistöku nýs deiliskipulags, þó eigi lengur en til 1. október 2021.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Úthlutunarbréf dags. 2. nóvember 1966



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

D. 938

Reykjavík, 2. nóvember 1966.

A fundi borgarráðsins í gær var yður gefinn kostur á
iðnaðarlóð í Artúnshöfða

nr. 1 við Hyrjarhöfða (750 ferm.)

Gatnagerðargjald er kr. 80.00 pr. rúmmeter og er áætlað
kr. 128.00 pr. fermeter. Fullnaðargreiðsla gjaldsins skal hafa
farið fram fyrir 1. desember n.k., annars hækkar gjaldið samkvæmt
endurskoðaðri gjaldskrá á þeim hluta lóðarinnar, sem ekki hefur
verið greitt fyrir.

Borgarverkfræðingur setur alla nánari skilmála, þ.á m.
um byggingar- og afhendingarfrest.

Hr. Kristinn Finnbogason,
Mávahlíð 35,
Reykjavík.